

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð
Efni: Minnisblað um rekstur deilda janúar til september 2022
Dags: 9. desember 2022
Málsnúmer: 202212145/-
Sendandi: Pétur Jens Lockton, fjármálastjóri

Inngangur:

Fjármáladeild tekur ársfjórðungslega saman rekstraryfirlit málaflokka og deilda, rekstrarreikning og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga. Rekstraryfirliti málaflokka og deilda sýnir þróun tekna, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Rekstrarreikningur sýnir rekstur samstæðu A og B hluta samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Fjárfestingayfirlit sýnir fjárhæð fjárfestinga tímabilsins og tekjur af gatnagerðagjöldum samanborið við fjárfestingaáætlun ársins. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði eru yfirlitin gerð aðgengileg á vefsíðu bæjarins.

Greinargerð:

Tekjur námu 15.017 m.kr. en rekstrargjöld 14.414 m.kr. og er rekstrarniðurstaða tímabilsins án fjármagnsliða jákvæð um 603 m.kr. sem er nálægt því það sama og gert var ráð fyrir í áætlun tímabilsins. Fjármagnskostnaður, verðbætur, söluhagnaður og millifærslur er 1.386 m.kr. eða 686 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í áætlun tímabilsins. Rekstrarniðurstaða er því neikvæð um 773 m.kr. sem er 683 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Á heildina litið er daglegur rekstur sveitarfélagsins í takt við það sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun. Verðlagshækkanir tímabilsins leiða hinsvegar til þess að gjaldfærðar verðbætur vegna langtímalána eru 756 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir og eru meginástæða þess að rekstrarniðurstaða tímabilsins er 683 m.kr. lakari en gert var ráð fyrir.

Nánari upplýsingar um einstaka liði rekstrarreiknings:

- Tekjur af útsvari og fasteignaskatti eru 7.776 m.kr. sem er 210 m.kr. hærri tekjur en áætlað var. Hærri tekjur skýrast að mestu af því að útsvarstekjur eru 212 m.kr. hærri en áætlað. Í áætlun tímabilsins er búið að hækka áætlaðar tekjur af útsvari eins og fram kemur í viðauka 7 við fjárhagsáætlun. Útsvarstekjur ársins skýrast betur í lok febrúar þegar lokauppgjör hefur borist frá ríkinu sem sér um álagningu og innheimtu útsvars.
- Tekjur vegna framlaga frá Jöfnunarsjóði eru 1.815 m.kr. sem er 6 m.kr. hærri tekjur en áætlað var. Í áætlun tímabilsins er búið að gera ráð fyrir auknum tekjum frá sjóðunum vegna málefna fatlaðra eins og fram kemur í viðauka 7 við fjárhagsáætlun. Á meðal tekna af framlögum frá Jöfnunarsjóði eru 25 m.kr. samþættingarframlag sem leiðir til samsvarandi hækkunar gjalda.
- Aðrar tekjur eru 5.426 m.kr. sem eru að hluta til vegna innri viðskipta og innri leigu frá Eignasjóði og birtist sem rekstrarkostnaður. Aðrar tekjur eru 160 m.kr. lægri en áætlað var í fjárhagsáætlun 2022 vegna lægri tekna af byggingarétti en áætlað.
- Laun og launatengd gjöld eru 6.243 m.kr. sem er 77 m.kr. hærri kostnaður en áætlað. Frávik í launakostnaði má að mestu rekja til áhrifa heimsfaraldursins og hærri launakostnaðar fyrstu þrjá mánuði ársins.

- Annar rekstrarkostnaður er 7.736 m.kr. sem er á heildina litið í samræmi við fjárhagsáætlun. Helstu frávík annars rekstarkostnaðar eru í snjómokstri og hálkueyðingu gatnakerfis vegna veðráttu í ársbyrjun. Kostnaður við snjómokstur nam 77 m.kr. og er 46 m.kr. meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var kostnaður vegna snjómoksturs og hálkueyðingu 46 m.kr. allt árið 2021.
- Afskriftir tímabilsins eru 435 m.kr. sem eru 16 m.kr. lægri en áætlun tímabilsins vegna minni fjárfestinga en gert var ráð fyrir.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld án verðbóta eru 193 m.kr. sem er 70 m.kr. lægri en áætlun tímabilsins. Kostnaður vegna verðbóta var 1.156 m.kr. sem er 756 m.kr. meira en áætlun tímabilsins sem skýrist af því að áhrifum verðlagshækkana á verðtryggðar skuldir og skuldbindingar bæjarins.

*Virðingarfyllt,
Pétur Jens Lockton*

Fylgiskjöl:

1. Yfirlit yfir rekstur málaflokka og deilda með samanburði við fjárhagsáætlun.
2. Rekstrarreikningur samstæðu A- og B hluta.
3. Fjárfestingar í samanburði við fjárfestingaáætlun ársins.